

Viðtal Hildar Hákonar
við Ernu Egils

26. nóvember 2005.

Í byrjun árs 1974 vorum við Rauðsokkar að spipast um eftir nýju húsnæði en hreyfingin hafði fram að þeim tíma verið til húsa að Ásvallagötu 8 hjá Helgu Ólafsd.

Ung stelpa sem nýgengin var í hreyfinguna stakk upp á því að við tækjum hús í eigu hins openbera með áhlaupi líkt og Rauðsokkar í Kauðmannahöfn höfðu gert.

Ákveðið var að skoða þessa hugmynd frekar. Við höfðum augastað á húsum Torfunnar – sem stóðu ónotuð – en höfðu árið áður verðið fallega máluð af sjálfboðaliðum.

Það kom í hlut okka Villu Harðar ásamt stelpunni sem átti hugmyndina að skoða málið frekar.

Aðfaranótt 30. mars fór svo þessi skoðun fram Við höfðum valið að skoða húsið við Amtmannstíg 1.

Þessa nótt skriðum við inn um opinn glugga
á austur hlið húsin.

Húsið var full af alskonar pappírslum
skýrslum – tímaritum –bréfum ofl.
Í miðju lofti turnsins hékk snara
Margar rúður voru brotnar.

Við gerðum okkur grein fyrir því
þennan morgun ~~inn~~ að hústaka
kom varla til greina.

En ákváðum að skrifa yfirvöldum
og óska eftir afnotarétti hússins um
tíma